

L Ö G

54

14. apríl

um breyting á lögum nr. 76 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 66 1940,
um stríðsslysaftryggingu sjómanna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Skylt skal að tryggja fyrir slysum af völdum ófriðar skipshafnir á öllum íslenskum skipum og bátum, sem skylt er að slysaftryggja á.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Fiskiskip, 5 rúmlesta (brúttó) og stærri, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og sigla ekki til útlanda, greiða í iðgjald 4 krónur á viku fyrir hvern tryggðan skipverja, bátar undir 5 rúmlestum 2 kr. á viku fyrir hvern tryggðan skipverja, en ríkissjóður greiðir afgang iðgjaldsins. Uppbót (bónus), sem þessum skipum kann að tilfalla, rennur í ríkissjóð.

3. gr.

Slys þau, sem orðið hafa á bátum undir 4 rúmlestum á tímabilinu frá 27. júní 1941 til gildistöku þessara laga og ætla má, að séu af stríðsvöldum, skulu bætt af stríðstryggingafélagi íslenskra skipshafna eftir sömu reglum og hliðstæð slys á stærri bátum á þessu tímabili. Ríkissjóður endurgreiðir félaginu þessar bætur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.

L Ö G

55

14. apríl

um viðauka við lög nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 1921,
um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. apríl 1943 til 1. ágúst 1943 skal greiða meðalmeðgjöf með óskilgetnum börnum sem hér segir: